



Skýrsla starfshóps KSÍ

Mat á breytingum á mótafyrirkomulagi Bestu deildar karla

Undirritaðir:

Birgir Jóhannsson, Birkir Sveinsson, E. Börkur Edvardsson, Eiríkur Stefán Ásgeirsson, Guðni Hreinsson, Ívar Pétursson, Jóhann Már Helgason, Kári Árnason, Magnús Sigurðsson

Dagsetning: 24.02.2026

Efnisyfirlit

1. Inngangur

1.1 Tilgangur skýrslunnar

1.2 Forsaga máls og skýrsla 2020

1.3 Umfang og aðferðafræði

2. Áhorf og miðlun

2.1 Sjónvarpsáhorf og miðlun

2.2 Aðsóknartölur eftir breytingu mótafyrirkomulags

3. Samantekt og lykilniðurstöður

4. Íþróttaleg áhrif breytinganna

5. Tillögur starfshópsins

5.1 Valkostur A – Óbreytt meginstefna, markvissar lagfæringar

5.2 Valkostur B – Breytt útfærsla innan sama ramma

5.3 Valkostur C – Endurhönnun mótafyrirkomulags

6. Niðurstaða starfshópsins

Viðaukar

- *Viðauki A – Mat á markmiðum skýrslu KSÍ 2020*
- *Viðauki B – Aðsóknartölur Bestu deildar karla 2022–2025*
- *Viðauki C – Niðurstöður spurningakönnunar hagsmunaaðila*
- *Viðauki D – Meðalaldur leikmanna*
- *Viðauki E – Staða íslenskra félagsliða í styrkleikalista UEFA*
- *Viðauki F – Fyrirkomulag 34 efstu deilda í Evrópu*

1. Inngangur

1.1 Tilgangur skýrslunnar

Á stjórnarfundum KSÍ um mitt ár 2025 var ákveðið að skipa starfshóp til að rýna og meta hvernig til hefur tekist með þær breytingar sem gerðar hafa verið á mótafyrirkomulagi Bestu deildar karla á undanförunum árum.

Tilgangur starfshópsins var að leggja fram faglegt og heildstætt mat á áhrifum breytinganna með hliðsjón af markmiðum skýrslu KSÍ frá 2020. Einnig var metið hvort markmiðin hafi náðst í framkvæmd. Vinna hópsins fólst jafnframt í að greina kosti og áskoranir núverandi mótafyrirkomulags og setja fram sjónarmið til umræðu að mögulegum næstu skrefum án þess að taka endanlega afstöðu til framtíðarfyrirkomulags deildarinnar.

Markmið skýrslunnar er að greina áhrif breytinganna á lykilþætti mótsins þar á meðal áhorf og miðlun, aðsókn, samkeppni, rekstrarumhverfi félaga og viðhorf helstu hagsmunaaðila. Skýrslan er ætluð sem upplýsandi grundvöllur fyrir umræðu og áframhaldandi stefnumótun KSÍ en felur ekki í sér endanlegar ákvarðanir um framtíðarfyrirkomulag Bestu deildar karla.

Gögn og niðurstöður spurningakannana eru lykilatriði í að tryggja áreiðanleika og traust í greiningu starfshópsins.

Starfshópurinn samanstóð af:

- E. Börkur Edvardsson Stjórnarmaður KSÍ og formaður starfshópsins
- Birkir Sveinsson Sviðsstjóri mótasvið KSÍ og starfsmaður starfshópsins
- Birgir Jóhannsson Framkvæmdarstjóri ÍTF
- Eiríkur Stefán Ásgeirsson Forstöðumaður íþróttadeildar Sýnar
- Guðni Hreinsson - KA
- Ívar Pétursson - Vestri
- Jóhann Már Helgason Hlaðvarpsstjórnandi
- Kári Árnason - Víkingur
- Magnús Sigurðsson - ÍBV

1.2 Forsaga máls og skýrsla 2020

Í desember 2020 skilaði starfshópur á vegum Knattspyrnusambands Íslands skýrslu þar sem lagðar voru fram tillögur um breytingar á keppnisfyrirkomulagi efstu deildar karla. Meðal tillagna voru að fjölga leikjum, skipta móttinu í efri og neðri hluta og lengja keppnistímabilið með það að markmiði að auka gæði keppninnar, styrkja vörumerki deildarinnar og bæta rekstrarforsendur félaganna.

Breytt keppnisfyrirkomulag tók gildi frá og með keppnistímabilinu 2022. Að loknum fjórum keppnistímabilum samkvæmt þessu fyrirkomulagi er talið tímabært að leggja mat á framkvæmd þess, áhrif breytinganna og hvort þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar árið 2020 hafi gengið eftir.

1.3 Umfang og aðferðafræði

Vinna starfshópsins tók til Bestu deildar karla og náði einkum til keppnistímabilanna 2022–2025. Starfshópurinn kom saman í heild sinni þrisvar sinnum, þar sem verkefnið var skilgreint, helstu áskoranir ræddar og sameiginleg nálgun mótuð.

Í framhaldinu var verkefninu skipt niður í afmarkaða verkþætti með skýrri ábyrgð á gagnaöflun og greiningu innan hópsins. Við vinnuna var stuðst við fyrirliggjandi gögn meðal annars um áhorf, aðsókn og þróun mótsins auk þess sem aflað var sértækra gagna eftir því sem kostur var.

Að auki var lögð fyrir spurningakönnun meðal valinna aðila innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Könnunin náði til fulltrúa þjálfara, leikmanna, stjórnarfólks félaga og fjölmiðla. Úrtakið var valið með það að markmiði að endurspegla breiða sýn lykilhagsmunaaðila fremur en að vera tilviljunarkennt.

Áreiðanleiki niðurstaðna byggist í miklum mæli á gögnum sem safnað hefur verið markvisst bæði úr opinberum heimildum og spurningakönnunum meðal þátttakenda. Spurningakannanir veita mikilvægar upplýsingar um viðhorf og reynslu þátttakenda sem styrkja greiningu starfshópsins og tryggja að tillögur og ályktanir byggist á traustum grunni. Niðurstöður könnunarinnar eru fyrst og fremst ætlaðar til að varpa ljósi á viðhorf og upplifun hagsmunaaðila en ekki sem nákvæm tölfræðileg mæling.

2. Áhorf og miðlun

2.1 Sjónvarpsáhorf og miðlun

Greining á sjónvarpsáhorfi Bestu deildar karla á undanförunum árum sýnir að þróun áhorfs er vandmeðfarin til mats. Meginástæðan er skortur á samræmdum og sambærilegum mælingum milli keppnistímabíla, þar sem mismunandi sjónvarpsrásir hafa verið mældar á ólíkum tímabilum. Þetta torveldar beinan samanburð og gerir erfitt að draga afdráttarlausar ályktanir um langtímaþróun.

Gallup-mælingar veita þó ákveðnar vísbendingar. Samkvæmt þeim virðist sjónvarpsáhorf hafa verið á svipuðu stigi á árunum 2023 og 2025, en árið 2024 mældist tímabundin aukning. Ekki liggja fyrir nægjanleg gögn til að greina orsakir þessarar aukningar en ljóst er að þættir á borð við vægi einstakra leikja, keppnisstöðu liða og ytri aðstæður geta haft veruleg áhrif á heildarniðurstöður.

Greining á áhorfi eftir leiktímasetningum sýnir skýrt að leikir sem hefjast seint síðdegis eða að kvöldi einkum á bilinu kl. 17:30–21:00, ná marktækt meira sjónvarpsáhorfi en leikir sem hefjast fyrr um daginn. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að leiktímasetningar taki mið af hegðun og neysluvenjum áhorfenda og að svigrúm sé til úrbóta með markvissari tímasetningu leikja. Jafnframt liggur fyrir að bæði ÍTF og KSÍ eru meðvituð um þetta samhengi og hafa leiktímasetningar og dagskrárskipulag verið til stöðugar endurskoðunar í samstarfi við miðlunaraðila.

Áhorf er jafnframt mest í upphafi og lok keppnistímabílsins en veikast yfir sumarmánuðina. Þetta bendir til þess að miðlun Bestu deildarinnar standi frammi fyrir áskorunum á tímabilinu frá maí til ágúst. Í því samhengi má líta svo á að enn sé verið að finna rétta formið þar sem ÍTF og KSÍ hafa unnið markvisst að því að þróa og endurskoða dagskrárstefnu og framsetningu með það að markmiði að auka heildaráhrif miðlunar yfir keppnistímabilið.

Samkeppni um athygli áhorfenda er harðnandi. Mikilvægt er að horfa til þróunar nýrra miðlunarforma. Erlend reynsla bendir til þess að svokallaðir „whip-around“ þættir, þar sem fylgst er með mörgum leikjum samtímis, njóti vaxandi vinsælda. Slík nálgun gæti falið í sér tækifæri fyrir íslenskan fótbolta, að því gefnu að skipulag leikja og umferða styðji slíka framsetningu og að þróun miðlunar haldi áfram í nánú samráði ÍTF, KSÍ og miðlunaraðila.

Ályktanir – Áhorf og miðlun

- Ósamræmdar áhorfsmælingar takmarka möguleika á skýrum langtíma samanburði.
- Leiktímasetningar hafa afgerandi áhrif á sjónvarpsáhorf og eru lykilþáttur í skipulagi mótsins.
- Áhorf er veikast yfir sumarmánuðina, sem kallar á markvissari nálgun í miðlun og dagskrárstefnu.
- Tækifæri felast í þróun nýrra miðlunarforma, að því gefnu að skipulag umferða styðji slíkt.

2.2 Aðsóknartölur eftir breytingu mótafyrirkomulags

Breyting á mótafyrirkomulagi Bestu deildar karla árið 2022 fól í sér fjölgun leikja úr 22 í 27 á hvert lið, ásamt skiptingu deildarinnar í efri og neðri hluta að loknum 22 umferðum. Aðsóknartölur síðustu keppnistímabila veita mikilvæga innsýn í áhrif þessara breytinga.

Meðaláhorf á leik hefur aukist frá árinu 2022 og síðan haldist tiltölulega stöðugt á árunum 2023–2025. Þessi þróun bendir til þess að breytingarnar hafi haft jákvæð áhrif á heildaraðsókn, þó að vöxturinn hafi verið hóflegur. Fjölgun leikja virðist jafnframt ekki hafa leitt til lægri aðsóknar á hvern leik.

Greining á aðsókn í efri og neðri hluta deildarinnar sýnir þó skýran mun. Í efri hlutanum hefur meðaláhorf aukist verulega og haldist hátt, sem bendir til þess að keppni um Íslandsmeistaratitil og þátttökurétt í Evrópukeppnum hafi aukið aðdráttarafl mótsins. Í neðri hlutanum er þróunin ójafnari þar sem aðsókn ræðst að miklu leyti af samsetningu liða og styrk stuðningsmannahópa hverju sinni.

Þrátt fyrir að megináhersla þessarar greiningar sé á tímabilið eftir innleiðingu nýs mótafyrirkomulags frá og með árinu 2022, er jafnframt gagnlegt að horfa til þróunar aðsóknar á árunum þar á undan. Meðaláhorf í Bestu deild karla á árunum 2018–2021 var almennt lægra en á tímabilinu 2022–2025, þó hafa beri í huga að síðari hluti þess tímabils mótaðist að verulegu leyti af ytri aðstæðum, þar á meðal heimsfaraldri.

Þótt ekki sé unnt að sýna fram á beint orsakasamhengi milli breytts mótafyrirkomulags og aukinnar aðsóknar, gefur samanburðurinn til kynna að breytingarnar hafi að minnsta kosti ekki haft neikvæð áhrif á áhuga áhorfenda. Þvert á móti bendir þróunin til stöðugleika og hóflegrar aukningar samhliða fjölgun leikja og lengra keppnistímabili.

Ályktanir – Aðsókn

- Fjölgun leikja hefur ekki haft neikvæð áhrif á aðsókn á hvern leik.
- Skipting deildarinnar hefur styrkt aðdráttarafl efri hluta mótsins.
- Aðsókn í neðri hluta er sveiflukennd og háð þátttöku félaga með sterkan stuðningsmannagrunn.
- Til framtíðar þarf að huga að leiðum til að tryggja stöðugt aðdráttarafl í báðum hlutum deildarinnar enda geta lið í neðri hluta í sumum tilvikum haft takmarkaðan keppnislegan hvata í lokamótshluta.

3. Samantekt og lykilniðurstöður

Lykilniðurstöður í stuttu máli:

Meginefni breytinganna hefur skilað árangri
Áhorf og aðsókn stöðug eða vaxandi
Efri hluti deildarinnar hefur styrkst verulega
Neðri hluti þarfnast fínstillingar
Engin gögn benda til neikvæðra heildaráhrifa á mótið

Breytingar á mótafyrirkomulagi Bestu deildar karla sem tóku gildi frá og með keppnistímabilinu 2022 voru innleiddar í kjölfar skýrslu starfshóps KSÍ frá árinu 2020. Markmið breytinganna voru meðal annars að fjölga leikjum, auka gæði keppni, styrkja vörumerki deildarinnar og bæta rekstrarforsendur félaga.

Mat starfshópsins byggt á gögnum frá keppnistímabilunum 2022–2025, bendir til þess að breytingarnar hafi í heild haft jákvæð áhrif þó með ákveðnum fyrirvörum og áskorunum. Greining á áhorfi og miðlun sýnir að erfitt er að leggja fullnægjandi langtímatat á þróun sjónvarpsáhorfs vegna skorts á samræmdum mælingum. Þó liggur fyrir að leiktímasetningar hafa afgerandi áhrif á áhorf og að áhorf er veikast yfir sumarmánuðina. Þetta undirstrikar mikilvægi markvissari stefnu í leikjaskipulagi og miðlun sérstaklega á miðju keppnistímabili.

Aðsóknartölur sýna að fjölgun leikja hefur ekki haft neikvæð áhrif á aðsókn á hvern leik. Meðalaðsókn er þó enn verulega undir meðaltali árána 2010–2015, sem bendir til þess að þrátt fyrir stöðugleika sé enn svigrúm til vaxtar. Skipting deildarinnar í efri og neðri hluta hefur styrkt spennu og aðsókn í efri hluta mótsins þar sem keppni um Íslandsmeistaratitil og Evrópusæti fer fram. Aðsókn í neðri hluta er hins vegar sveiflukenndari og að miklu leyti háð samsetningu liða og styrk stuðningsmannahópa.

Niðurstöður spurningakönnunar meðal hagsmunaaðila styðja þessar ályktanir. Heilt yfir er viðhorf til núverandi fyrirkomulags jákvætt og er fjölgun leikja almennt talin stærsta framfaraskrefið. Helstu gagnrýnisatriði snúa að ójöfnuði í fjölda heima- og útileikja sem og þeirri upplifun að keppnisleg áhrif einstakra leikja í neðri hluta deildarinnar séu í sumum tilvikum óskýr eða takmörkuð í samhengi heildarniðurstöðu mótsins.

Í heild sinni bendir greiningin til þess að meginmarkmið skýrslu starfshópsins frá 2020 hafi að stórum hluta náðst einkum hvað varðar gæði keppni, spennu í toppbaráttu og stöðugleika í aðsókn. Jafnframt liggur fyrir að svigrúm er til úrbóta, sérstaklega hvað varðar jafnvægi og aðdráttarafl í neðri hluta deildarinnar, leiktímasetningar og miðlun yfir sumarmánuðina þar sem keppnislegur hvati liða getur í lokamótshluta verið takmarkaður.

Varðandi rekstrarforsendur félaga liggja ekki fyrir nægjanlega samræmd og ítarleg fjárhagsgögn til að draga afgerandi ályktanir um áhrif breytts mótafyrirkomulags. Fyrirliggjandi upplýsingar og ábendingar frá félögum benda þó til þess að fjölgun leikja hafi í mörgum tilvikum skapað tækifæri til aukinnar tekjuöflunar einkum í formi miðasölu og tengdrar þjónustu á heimaleikjum. Á móti hefur lengra keppnistímabil einnig leitt til aukins kostnaðar meðal annars vegna leikmannalauna, ferðalaga og reksturs mannvirkja.

Áhrifin virðast að nokkru leyti ráðast af stærð, aðstöðu og innviðum félaga. Fyrir félög með traustan stuðningsmannagrunn og fullnægjandi aðstöðu geta fleiri heimaleikir haft jákvæð rekstraráhrif á

meðan minni félög geta fundið fyrir auknu álagi. Í heild sinni liggja þó engin skýr merki fyrir um að breytt mótafyrirkomulag hafi haft neikvæð áhrif á rekstur Bestu deildar karla í heild. Starfshópurinn telur engu að síður mikilvægt að KSÍ og ÍTF efli markvissari og samræmdari gagnaöflun á þessu sviði þannig að framtíðarmat á rekstrarlegum áhrifum byggist á skýrari og traustari forsendum.

4. Íþróttaleg áhrifa á keppnisumhverfi

Auk áhrifa á áhorf, aðsókn og rekstrarumhverfi er mikilvægt að leggja mat á íþróttaleg áhrif breytts mótafyrirkomulags. Frá árinu 2021 hafa orðið umtalsverðar breytingar á keppnisumhverfi íslenskra liða bæði innanlands og í Evrópukeppnum sem rétt er að skoða í þessu samhengi. Keppnistímabil Bestu deildar karla hefur lengst um tæpa tvo mánuði frá því sem áður var. Sú breyting hefur haft áhrif á undirbúning, keppnisálag og skipulag félaga. Þar vegur þungt þátttaka íslenskra liða í Sambandsdeild UEFA sem felur í sér fleiri keppnisleiki og aukið álag á þau félög sem ná þátttökurétti í Evrópukeppni. Þessi þróun gerir auknar kröfur til breiddar leikmannahópa, læknis- og endurhæfingarstarfs og faglegs skipulags í heild.

Lenging keppnistímabilsins hefur jafnframt haft veruleg áhrif á aðstöðumál. Breytt leiktímabil og aukin áhersla á leiki síðdegis og að kvöldi meðal annars með tilliti til sjónvarpsáhorfs og aðsóknar gera auknar kröfur til keppnisvalla hvað varðar flóðljós og almenna aðstöðu. Skortur á fullnægjandi flóðljósum getur takmarkað möguleika félaga til að taka þátt í hagstæðari leiktímasetningum, sem aftur getur haft áhrif á áhorf, miðlun og rekstrarfarsendur. Í því ljósi eru flóðljós orðin mikilvægur þáttur í heildstæðu mati á keppnisaðstöðu í efstu deild.

Sumir hagsmunaaðilar telja að breytingarnar hafi flýtt fyrir uppbyggingu gervigrasvalla og bættri aðstöðu. Þetta getur haft jákvæð áhrif á leikgæði og áreiðanleika keppni þó að enn megi bæta aðstæður á ákveðnum leikvöllum. Aðrir hafa hins vegar bent á að þessi þróun geti dregið úr hvata til uppbyggingar og viðhalds náttúrulegra grasvalla. Starfshópurinn telur að hér sé um raunverulegt álitamál að ræða sem mikilvægt er að KSÍ taki til frekari umræðu og stefnumótunar þar með talið í samhengi við kröfur um flóðljós og aðra grunninnviði keppnisvalla.

Hvað varðar leikmannamál sýna gögn að meðalaldur leikmannahópa í Bestu deild karla, mældur út frá skráðum leikmannalistum hefur ekki tekið verulegum breytingum. Þegar meðalaldur er hins vegar reiknaður út frá spiluðum mínútum kemur í ljós skýr þróun til lækkunar. Spiluðum mínútum ungra leikmanna hefur fjölgað á tímabilinu sem bendir til þess að fjölgun leikja hafi skapað aukin tækifæri til þátttöku og þróunar yngri leikmanna. Meðalaldur leikmanna, reiknaður út frá spiluðum mínútum lækkaði ár frá ári á tímabilinu. Árið 2021 var meðalaldurinn 30,74 ár en árið 2025 hafði hann lækkað í 26,93 ár (sjá nánar í viðauka). Þessi þróun er í samræmi við markmið um uppbyggingu og eflingu innlands leikmannahóps.

Að lokum er rétt að horfa til samkeppnishæfni Bestu deildarinnar í alþjóðlegu samhengi. Þótt ekki sé unnt að sýna fram á beint orsakasamhengi milli breytts mótafyrirkomulags og árangurs íslenskra liða í Evrópukeppnum hefur keppnisumhverfið þróast frá þeirri stöðu sem lýst var í skýrslu KSÍ frá árinu 2020. Lengra keppnistímabil, fleiri leikir og auknar kröfur til aðstöðu og skipulags geta haft áhrif á getu félaga til að standast alþjóðlegan samanburð sem undirstrikar mikilvægi áframhaldandi endurskoðunar, eftirfylgni og aðlögunar mótafyrirkomulagsins til framtíðar.

5. Hugmyndir að úrbótum og áframhaldandi þróun

Í kjölfar greiningar á áhrifum breytts mótafyrirkomulags leggur starfshópurinn fram þrjá meginstefnuvalkosti fyrir framtíðarfyrirkomulag Bestu deildar karla. Valkostirnir endurspeglar mismunandi nálganir allt frá áframhaldandi óbreyttu fyrirkomulagi með markvissum lagfæringum til víðtækari endurskoðunar á kerfinu í heild.

Valkostirnir eru settir fram til að skýra mögulegt svigrúm í ákvörðunartöku en fela ekki í sér bindandi tillögu að öðru leyti en því sem kemur fram í lokaályktun starfshópsins.

Valkostur A – Óbreytt meginstefna, markvissar lagfæringar

- Halda áfram með núverandi mótafyrirkomulag þ.e. 27 leiki á hvert lið og skiptingu deildarinnar í efri og neðri hluta.
- Móta skýra stefnu um leiktímasetningar með áherslu á kvöldleiki og lykiltíma sjónvarpsáhorfs.
- Rýna sérstaklega aðdráttarafl og keppnisfyrirkomulag neðri hluta deildarinnar með það að markmiði að auka spennu og mikilvægi leikja.
- Setja skýran tímaramma um næstu heildarendurskoðun mótafyrirkomulagsins (t.d. eftir 2–3 keppnistímabil).
- Auka samræmingu leikjadaga og tímasetninga meðal annars til að styðja við ný miðlunarform svo sem samhliða útsendingar (whip-around) þar sem fylgst er með mörgum leikjum samtímis, einkum í úrslitaumferðum.

5.2 Valkostur B – Breytt útfærsla innan sama ramma

- Halda fjölda leikja óbreyttum en endurskoða fyrirkomulag neðri hluta mótsins með það að markmiði að tryggja aukna spennu og keppnislegt vægi allt til loka tímabils.
- Skoða mögulegar útfærslur sem auka vægi leikja í neðri hluta deildarinnar.
- Meta hvort breytingar á fyrirkomulagi eða hvatakerfum geti stuðlað að virkari samkeppni á miðju og í neðri hluta töflunnar.
- Hvatar tengdir 7. sæti:
 - Við frekari mótun fyrirkomulags verði horft til þess að skýr og raunverulegur hvati sé til staðar fyrir félög að keppast um 7. sæti, þannig að mikilvægi þess sætis sé augljós og keppnisáhugi haldist út tímabilið.

Starfshópurinn leggur sérstaka áherslu á hvata í neðri hluta deildarinnar. Til að tryggja spennu og keppnisgildi út tímabilið þarf verðlaunafé að styðja samkeppnina. Mikilvægt er að fylgjast markvisst með útfærslu fyrirkomulagsins og áhrifum hennar til að hámarka leikjaspennu og keppnisáhuga.

5.3 Valkostur C – Endurhönnun mótafyrirkomulags

Í tengslum við spurningakönnun og umsagnir hagsmunaaðila hafa komið fram hugmyndir um breytingar á stærð deildarinnar og uppbyggingu keppnistímabilsins til að bæta m.a fjölda heimaleikja hjá hverju liði .

Í tengslum við spurningakönnun og umsagnir hagsmunaaðila hafa komið fram hugmyndir um breytingar á stærð deildarinnar og uppbyggingu keppnistímabilsins til að bæta jafnræði heimaleikja. Ein af tillögum sem hefur fengið umræðu er að fjölga liðum í deildinni úr 12 í 14 og aðlaga fjölda leikja á tímabili þannig að hvert lið spili einum leik færra en áður (26 leiki í stað 27).

Markmið þessarar breytingar eru:

- Jafnvægi heimaleikja og útileikja
- Fleiri lið í Bestu deild karla
- Keppnisgildi og spennuaukning: Með jafnvægi í leikjafjölda hjá hverju liði og fjölgun liða eru fleiri leikir sem gæti aukið samkeppni í efri og neðri hluta töflunnar

Þessi hugmynd er sett fram án nánari útfærslu og er því ekki hluti af niðurstöðum eða hugmyndum starfshópsins að svo stöddu, heldur eru þau nefnd sem mögulegt umræðuefni til lengri tíma lítið.

6. Niðurstaða starfshópsins

Starfshópurinn metur að breytingarnar á mótafyrirkomulagi Bestu deildar karla frá árinu 2022 hafi að mestu leyti náð þeim markmiðum sem sett voru fram í skýrslu Knattspyrnusamband Íslands frá árinu 2020. Fjölgun leikja og skipting deildarinnar í efri og neðri hluta hafa haft jákvæð áhrif einkum í efri hluta deildarinnar þar sem keppni um Íslandsmeistaratitil og þátttökurétt í Evrópukeppnum hefur orðið jafnari og markvissari.

Greining á áhorfi, aðsókn og viðhorfum hagsmunaaðila bendir til þess að breytingarnar hafi í heild styrkt mótið og viðhaldið áhuga áhorfenda. Á sama tíma hafa komið fram áskoranir í neðri hluta deildarinnar einkum hvað varðar keppnislega hvata skýrleika fyrirkomulags og aðdráttarafl keppinnar auk áskorana tengdra sjónvarpsáhorfi og miðlun yfir sumarmánuðina. Starfshópurinn telur að þessar áskoranir tengist fyrst og fremst útfærslu skipulagi og framsetningu mótsins fremur en grunnforsendum þess mótafyrirkomulags sem tekið var upp árið 2022.

Í því samhengi bendir starfshópurinn á að til skoðunar geti komið hvort hvatakerfi innan núverandi ramma styðji nægilega við samkeppni á miðju og í neðri hluta deildarinnar. Slík aðgerð felur ekki í sér kerfisbreytingu heldur markvissa fínstillingu innan núverandi ramma með það að markmiði að auka spennu og samkeppni til loka tímabils.

Niðurstaða starfshópsins er að núverandi meginstefna mótafyrirkomulagsins skapi traustan grunn fyrir áframhaldandi þróun Bestu deildar karla. Áhersla er lögð á markvissar lagfæringar og áframhaldandi þróun einkum hvað varðar miðlun, upplifun áhorfenda og styrkingu keppnislegra hvata í neðri hluta deildarinnar þar með talið með endurskoðun á skiptingu verðlaunafjár án þess að tekin sé afstaða til grundvallarbreytinga á kerfinu á þessu stigi.

Jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi reglulegrar og kerfisbundinnar rýni á mótafyrirkomulaginu í samræmi við það vinnulag sem þegar hefur verið viðhaft, ásamt markvissari gagnaöflun um áhorf, aðsókn, rekstrarlega þætti og íþróttaleg áhrif. Slík nálgun er talin lykilforsenda þess að unnt sé að bregðast við áskorunum nýta tækifæri og styðja framtíðarákvarðanir á traustum og gagnsæjum grunni.

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna telur starfshópurinn ekki tilefni til grundvallarbreytinga á mótafyrirkomulagi Bestu deildar karla að svo stöddu. Áhersla er þess í stað lögð á áframhaldandi fínstillingu, þróun og reglubundna endurskoðun innan þess ramma sem tekinn var upp árið 2022.

Viðaukar

- A. Mat á markmiðum skýrslu KSÍ 2020
- B. Aðsóknartölur Bestu deildar karla 2022–2025
- C. Niðurstöður spurningakönnunar hagsmunaaðila
- D. Meðalaldur leikmanna
- E. Staða íslenskra félagsliða í styrkleikalista UEFA

Viðaukar

Viðauki A – Mat á markmiðum skýrslu KSÍ 2020

Markmið skýrslu 2020	Framkvæmd / staða	Mat starfshóps
Fjölga leikjum	Leikjum fjölgað úr 22 í 27	Náð
Auka gæði keppni	Aukið vægi efri hluta, fleiri úrslita- og lykilleikir	Náð
Auka aðsókn	Aðsókn aukist í efri hluta miðað við fyrri ár, þróun misjöfn	Náð að hluta
Styrkja vörumerki deildarinnar	Aukin vörumerkjavitund og sterk staða í könnunum, aukinn sýnileiki og markaðsleg staða	Náð
Bæta rekstrarforsendur	Engin skýr neikvæð áhrif, en gögn um heildarrekstur takmörkuð	Óljóst
Auka jafnvægi og spennu	Skýrari skipting efri og neðri hluta; áhrif misjöfn eftir hluta	Náð að hluta

Viðauki B – Aðsóknartölur Bestu deildar karla 2022–2025

Besta deild karla	2025	2024	2023	2022
Fyrri hluti – Meðaltal	840	871	843	822
Efri hluti – Meðaltal	896	909	905	711
Neðri hluti - Meðaltal	753	522	577	365
Meðaltal – Allir leikir	837	842	824	770
Heildar fjöldi – Allir leikir	135.646	136.405	133.553	124.771

Eftir fyrstu 22 umferðir skiptist deildin í efri og neðri hluta. Efri hluti samanstendur af liðum sem keppa um Íslandsmeistaratitil og Evrópukeppnir, en neðri hluti af liðum sem keppa að mestu um að forðast fall úr deildinni. Skiptingin eykur keppnisgildi og spennu í báðum hlutum deildarinnar.

Fjöldi áhorfenda áranna 2001 – 2025

12 liða deild frá 2008

Efsta deild karla	2025	2024	2023	2022	2021
Samtals	135.646	136.405	133.553	124.771	66.167
Meðaltal á leik	837	842	824	770	618

Efsta deild karla	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Samtals	66.167	134.354	113.761	110.675	128.741	146.138	121.852	139.576	136.740	148.163
Meðaltal á leik	618	1.018	862	838	975	1.107	923	1.057	1.034	1.122

Efsta deild karla	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001
Samtals	159.092	135.783	145.958	119.644	98.026	96.332	92.376	92.250	89.660	96.845
Meðaltal á leik	1.205	1.029	1.106	1.329	1.089	1.070	1.026	1.025	996	1.076

Greining á fjölda áhorfenda í Efstu deild karla á árunum 2001 til 2025 sýnir mikla sveiflu í aðsókn en einnig skýra langtímaþróun. Frá árinu 2008 hefur deildin verið með 12 lið og frá þeim tíma hefur aðsókn að mestu haldist stöðug. Það er mikilvægt að taka sérstaklega tillit til þess að beinar útsendingar hafa áhrif á aðsókn. Á síðustu árum eru allir leikir í beinni útsendingu sem hefur áhrif á þróun mætingar og getur útskýrt hluta af sveiflum í fjölda milli ára. Þannig þarf lestur gagna um aðsókn að vera sett í samhengi við umfang og fjölda útsendinga. Þessar tölur undirstrika að áhrif beinna útsendinga eru raunveruleg og að þau þurfa að vera með í mati á aðsókn, miðlun og stefnumótun um leiktímasetningu og dagskrárstefnu. Á sama tíma sýna gögnin að áhugi áhorfenda er til staðar þrátt fyrir aukningu í fjölda útsendinga sem styður mikilvægi markvissrar tímasetningar leikja og þróunar miðlunar á komandi árum..

Viðauki C – Niðurstöður spurningakönnunar hagsmunaaðila (samantekt)


- 78% töldu fjölgun leikja hafa haft jákvæð áhrif.
- 64% töldu skiptingu deildar í efri og neðri hluta hafa aukið spennu.
- 32% bentu á ójöfnuð milli heimaleikja og útileikja sem áskorun.
- 73% töldu miðlun yfir sumarmánuðina fullnægjandi eða höfðu ekki afgerandi neikvæða afstöðu, en 27% töldu að bæta mætti sýnileika og markvissari umfjöllun á því tímabili.

Nr.	Spurning	Svarmöguleikar	Hlutfall (%)	Helstu ábendingar
1	Hvernig metur þú fjölgun leikja úr 22 í 27 per lið?	Mjög jákvætt / Frekar jákvætt / Hvorki né / Frekar neikvætt / Mjög neikvætt	45 / 35 / 10 / 5 / 5	Flestir telja fjölgun leikja stærsta framfaraskrefið; örfáir telja aukið álag óþarft
2	Hefur nýja fyrirkomulagið aukið spennu og samkeppni?	Já, mikið / Já, að hluta / Nei / Ekki vita	40 / 30 / 25 / 5	Meirihluti telur spennu aukast; um þriðjungur sér lítil eða engin áhrif
3	Hefur fyrirkomulagið aukið áhorf og áhuga?	Já / Nei / Ekki vita	55 / 30 / 15	Áhorf talið stöðugt eða aðeins hærra miðað við fyrri ár
4	Hvernig hafa gæði keppinnar þróast?	Aukist mikið / Aukist lítillega / Hvorki né / Minnkað	30 / 45 / 15 / 10	Jákvæð þróun einkum í efri hluta; upplifun um ójöfnuð í neðri hluta
5	Viltu halda óbreyttu fyrirkomulagi eða breyta því?	Halda / Breyta lítillega / Mikil breyting / Ekki vita	60 / 25 / 10 / 5	Flestir styðja áframhaldandi núverandi fyrirkomulag, með tillögum um fínstillingar
6	Hefur fyrirkomulagið styrkt vörumerkið „Besta deildin“?	Já, mjög / Já, að hluta / Nei / Ekki vita	35 / 45 / 15 / 5	Efri hluti styrkir vörumerkið, neðri hluti dregur úr heildaráhrifum
7	Helstu gagnrýnisatriði?	Ójafn fjöldi heima- og útileikja / Upplifun að úrslitaáhrif leikja í neðri hluta séu takmörkuð / Önnur	50 / 40 / 10	Mest áberandi atriði eru ójöfnuður í leikjafjölda og skýrleiki í neðri hluta deildarinnar

Viðauki D – Meðalaldur leikmanna miðað við spilaðar mínútur.

Ár	Meðalaldur -spilaðar mínútur
2021	30.74
2022	29.60
2023	28.45
2024	27.49
2025	26.93



Viðauki E – Staða íslenskra félagsliða í styrkleikalista UEFA.



Viðauki F – Fyrirkomulag 34 efstu deilda í Evrópu

Efri mynd sýnir að um helmingur efstu deilda í Evrópu notar úrslitakeppni að lokinni hefðbundinni deildarkeppni, en hinn helmingurinn spilar eingöngu tvöfalda eða þrefalda umferð. Þetta skýrir helsta mismun í keppnisfyrirkomulagi á milli landa.

Neðri mynd sýnir heildarfjölda deildarleikja í hverri deild. Hér sést að Ísland spilar fæsta leikina meðal samanburðarlanda, þrátt fyrir að fjölgun leikja hafi átt sér stað á undanförunum árum. Myndin veitir lesendum skýra vísbendingu um stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi hvað varðar fjölda deildarleikja.



Hér sést að Ísland hefur lægsta heildarfjölda deildarleikja meðal samanburðarlanda, þrátt fyrir að leikjum hafi fjölgað á undanförunum árum.